

F E B R Ú A R 2 0 1 6



Hvers vegna er tónlist mikilvæg í lífi barna?

Tónlist getur oft á tíðum viðhaldið áhuga þeirra nemenda sem hafa misst hann í almennu námi vegna þess að tónlist höfðar til nemenda á annan hátt en önnur verkefni. Tónlistariðkun drífur nemendur áfram og eykur félagsfærni þeirra. Listnemendur byggja upp sjálftraust og eru ófeimnari við að koma hugmyndum sínum á framfæri. Athygli vekur að listnemendur sína síður árásar- eða andfélagslega hegðun.

Textinn er fenginn úr: Huffpost Education

http://www.huffingtonpost.com/jared-joffe/why-kids-need-music-in-th_b_7339558.html

Tónlistarskólinn í Grindavík Ásabraut 2, 240 Grindavík Sími 420-1130
tonlistarskolinn@grindavik.is

Hvað er á döfinni?

4. febrúar kl. 9:15

Leikskólinn Laut heimsækir tónlistarskólann

5. febrúar kl. 9:15

Leikskólinn Laut heimsækir tónlistarskólann

10. febrúar

TónSuð -
Námskeið tónlistarkennara á Suðurnesjum

13. febrúar kl. 14:00 – 16:00

Dagur Tónlistarskólanna –
Opið hús

25. febrúar kl. 14:00

Nemendur tónlistarskólans halda tónfund í Laut



ÞAÐ ER GAMAN AÐ SPILA Á TROMPET!



Hvað heitir þú og á hvaða hljóðfæri kennir þú?

Ég heiti Inga Björk Runólfsson og kenni á trompet, horn og í forskóla.

Hvað er framundan hjá nemendum?

Núna erum við á fullu að undirbúa okkur fyrir dag tónlistarskólanna sem er í febrúar. Í vetur koma svo nemendur fram á tónfundum og vortónleikum tónlistarskólans.

Það er engin lúðrasveit starfandi við skólann, en við erum með samspil með trompet, flautu og klarínnett.

Okkur vantar nemendur á djúpu hljóðfærin svo hægt sé að stofna lúðrasveit.

Við auglýsum eftir áhugasömum nemendum á horn, þverflautu, klarínnett, básúnu, euphonium og túbu.

Hvað er mest spennandi við trompetinn?

Trompetinn hefur fallegan og tæran hljóm og er áberandi í samspili.

Að hverju eru nemendur að vinna ?

Nemendur læra fjölbreytt og skemmtileg lög ásamt æfingum og tónstígum. Þegar nemendur eru komnir á leiðis í trompetnáminu þá taka þeir þátt í samspili með öðrum nemendum.





DAGUR TÓNLISTARSKÓLANNNA

TÓNLISTARSKÓLINN Í GRINDAVÍK

Opið hús

13. febrúar milli kl. 14 og 16

Allir hjartanlega velkomnir!

Dagur Tónlistarskólanna - Dagskrá Tónlistarskólans í Grindavík

Dagur tónlistarskólanna verður haldinn hátíðlegur í Tónlistarskólanum í Grindavík þann 13. febrúar 2016 milli kl. 14:00 og 16:00.

Heitt verður á könnunni og gestir og gangandi hvattir til að kíkja við og skoða skólann og kynna sér starfsemi hans.

Nemendur tónlistarskólans spila fyrir gesti á heila og hálfan tímanum.

Allir hjartanlega velkomnir!



Tónlistarskólinn í Grindavík
Ásabraut 2
240, Grindavík
Ábyrgðarmenn: Renata Ivan og
Inga Þórðardóttir